



Tillögur stjórnar VR að breytingum á lögum félagsins

Aðalfundur VR 25. mars 2026

Blátt letur: Nýtt / breytt orðalag
Rautt letur: Texti felldur úr ákvæðinu
Grænt letur: Skýringar

Tillaga #1

20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

Núverandi hljóðan:

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðlinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. ...

Verður:

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðlinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í [aðalstjórn](#) VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af ~~hinu kyninu o.s.frv.~~ [öðru kyni](#) og skal sú kynjaflétta ráða röðun 7 aðalmanna. ...

Skýring við tillögu #1:

Stjórn VR telur mikilvægt að röðun í aðalstjórn félagsins á grundvelli kynjafléttu taki mið af því að skráð kyn eru fleiri en tvö og leggur til breytingu á orðalagi til að endurspegla það. Röðun aðalmanna yrði því á grundvelli fjölda atkvæða að teknu tilliti til kyns. Ekki væri þannig um röðun eftir kyni að ræða heldur tryggt að einstaklingar af sama kyni skipi ekki tvö sæti í röð, nema kyn frambjóðenda gefi ekki færi á öðru.

Hér er einungis fjallað um kosningu í aðalstjórn félagsins, sjá tillögu #2 um varastjórn.

Tillaga #2

20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

Núverandi hljóðan:

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðlinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. ...

Verður:

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu. ~~o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna.~~ Kosning og röðun varamanna skal byggja á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns. ...

Skýring við tillögu #2:

Hér er lagt til að röðun varamanna í stjórn byggji á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns.

Umræða hefur verið í stjórn síðustu ár um notkun kynjafléttu í stjórn félagsins og hvort tímabært sé að fella hana niður. Kynjafléttan var samþykkt á aðalfundi 2011 og náði hún til aðal- og varamanna stjórnar. Undir lok árs 2025 ákvað stjórn að leggja til við aðalfund að viðhalda kynjafléttu í aðalstjórn til að tryggja jafnræði kynjanna í stjórninni eins og kostur er. Stjórnin ákvað hins vegar að leggja til að fallið verði frá kynjafléttu þegar kemur að varamönnum þannig að fjöldi atkvæða eingöngu ráði vali og röðun þeirra.

Hér er því lögð til breyting á orðalagi um kosningu og röðun varamanna. Athugið að annað orðalag í greininni í tillögunni er óbreytt m.v. núverandi hljóðan.

Tillaga #3

20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

Núverandi hljóðan:

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.

Verður:

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára. ~~og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.~~ Næstu fjögur teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.

Skýring við tillögu #3:

Hér er lagt til að varamönnum verði fjölgað úr þremur í fjóra. Þessi tillaga er til komin vegna breytinga á lengd kjörtímabils stjórnar og varastjórnar en á aðalfundi 2024 var samþykkt að lengja kjörtímabil aðalmanna úr tveimur árum í fjögur ár og varamanna úr einu ári í tvö ár.

Hér er því lögð til breyting á orðalagi um fjölda varamanna. Athugið að annað orðalag í greininni í tillögunni er óbreytt m.v. núverandi hljóðan.

Verði allar breytingar hér að ofan samþykktar breytist gr. 20.4 sem hér segir:

Núverandi hljóðan:

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.

Verður:

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í aðalstjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk af öðru kyni og skal sú kynjaflétta ráða röðun 7 aðalmanna. Kosning og röðun varamanna skal byggja á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára. Næstu fjögur teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.

Tillaga #4

10. gr. Stjórn

Núverandi hljóðan:

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og þrír til vara. ...

Verður:

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og ~~þrír~~ fjórir til vara. ...

Tillaga #5

21.1. gr. Um kosningu formanns og stjórnar

Núverandi hljóðan:

... Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og þrír varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu. ...

Verður:

... Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og ~~þrír~~ fjórir varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu. ...

Skýring við tillögur #4 og #5:

Laganefnd VR lagði fyrir stjórn VR tillögu að breytingu á gr. 20.4 um kjörseðla og röðun á lista þannig að varamönnum verði fjölgað úr þremur í fjóra, sjá tillögu #3. Verði tillagan samþykkt, þarf að gera samsvarandi breytingar á greinum laganna þar sem fjallað er um fjölda varamanna, það er að segja gr. 10 og gr. 20.1.